

Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Starfsáætlun 2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Kringlumýrar	5
Hlutverk/ leiðarljós/ gildi Kringlumýrar	6
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	8
Áskoranir, markmið og aðgerðir	10
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins	14
Samstarf	14
Jafnréttisáætlun	16



Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundabjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundabjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík. Til viðbótar við þessi stefnuskjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs. Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2020 og gildir til 31. ágúst 2021. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðahverfi. Hjá Kringlumýri starfa um 380 starfsmenn í 170 stöðugildum. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og sex félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra. Í þekkingarmiðstöðinni starfa þrír starfsmenn, verkefnisstjóri á skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra og tveir ráðgjafarþroskajálfar. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfsemina máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar ásamt því að veita ráðgjöf inn á starfsstaði frístundastarfs. Megináhersla er lögð á að hinn sértæki stuðningur efli börnin félagslega og geri þeim kleift að taka þátt í almenna starfinu á eigin forsendum. Sem



þekkingarmiðstöð fyrir frítímastarf fatlaðra barna og unglunga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglunga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla, frístundaheimilið Guluhlíð og félagsmiðstöðina Öskju.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár eru mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virka þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfar eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.


Helstu verkefni veturinn 2020-2021 tengjast að öllum líkindum Covid 19. Allt starf Kringlumýrar mun taka mið af því ástandi sem upp er komið í samfélaginu. Það er mikil áskorun að halda úti óbreyttu starfi við þessar aðstæður og tekur mikinn tíma og orku frá stjórnendum og starfsfólki Kringlumýrar. Því má búast við að þessi starfsáætlun komi ekki að öllu leiti til framkvæmdar. Þó Covid 19 verði stærsta verkefnið þá eru áætlanir um önnur verkefni sem hér segir. Rafræn félagsmiðstöð í Öskju hefur það að markmiði að auka félagsfærni og tengsl milli barna og unglunga sem sækja starf Öskju. Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað á verkefninu Funfy þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglunga. Kynfræðsla í Réttarholtskóla og Bústöðum fer af stað í haust. Kynfræðsluverkefnið gengur út á markvissa og vandaða kynfræðslu sem unnin verður í samvinnu skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa sem kemur inn í skólann með fræðslu. Krakkakot mun hefja innleiðingu á Réttindafrístundastarfi sem er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Haldið verður áfram með að þróa Matthíasarborg (Mattó) verkefni sem gengur út á færanlegt leiksvæði þar sem börn frá möguleika á að skapa leiksvæði gert úr endurnýtanlegum efnivið. Einnig verður lögð áhersla á aukna sköpun í frístundaheimilum og þá sérstaklega í Laugarseli. Nokkur verkefni fara af stað í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar sem taka á mismunandi þáttum s.s. jákvæð samskipti í strákahópum, samskipti kynjanna, jákvæðar fyrirmyndir starfsmanna og reynslunám. Þessi verkefni eru styrkt af þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs.

Haldið verður áfram með þróun á samskiptasáttmála Kringlumýrar, sáttmála sem allir stjórnendur Kringlumýrar tóku þátt í að búa til á síðasta ári. Markmið þessa sáttmála er að bæta starfsumhverfi allra starfsstaða Kringlumýrar og búa til öruggt og jákvætt starfsumhverfi fyrir alla starfsmenn. Farið verður í mælingar á hverju þessi sáttmáli er að skila í starfsánægju starfsstaða Kringlumýrar.

Kringlumýri tekur einnig þátt í miðlægu verkefni Flotanum sem stýrt er af Tjörninni þar sem fram fer vettvangsvinna og tenging við unglunga í hverfum borgarinnar. Flotinn er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva.



Skipurit Kringlumýrar



Hlutverk/ leiðarljós/ gildi Kringlumýrar

Í starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilfærni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilfærni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hver deild Kringlumýrar hefur svo skilgreint hlutverk sitt og innihald þjónustunnar sem veitt er á starfsstöðum hvarrar deildar fyrir sig í út frá þessum leiðarljósum, uppeldisgildum og lykilfærni ásamt stefnu Reykjavíkurborgar og skóla- og frístundasviðs.

Hlutverk sértæka starfsins

- Tryggja öruggt og faglegt umhverfi fyrir börn og unglinga til að vaxa og dafna sem sterka einstaklinga.
- Stuðla að aukinni félagsfærni.
- Stuðla að aukinni almennri samfélagsþátttöku.
- Auka sjálfstraust barna og unglinga.
- Að tilheyra hóp.
- Auka virkni.
- Stuðla að barna- og unglingalýðræði.
- Styðja börn og unglinga til að tjá sig um eigin hagsmuni og efla trú á sjálfsákvörðunarrétti þeirra.
- Áhersla er lögð á gleði og jákvæðni í starfi.
- Stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði.

Hlutverk unglingastarfs

- Efla félagsfærni unglinga.
- Forvarnir.
- Efla samskiptafærni unglinga.
- Þjálfra lýðræðislega hugsun með lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að vera til staðar.
- Efla sjálfsmynd.
- Skapa umhverfi fyrir óformlegt nám.
- Vinna með reynslu og læra af henni.
- Fræðsla.
- Umhyggja og áhugi.
- Taka mið af þjónustubörf barna og unglinga.
- Stuðla að jöfnuði.
- Eiga í virku samstarfi við foreldra.

Hlutverk þekkingarmiðstöðvar

- Að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna og unglinga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Hefur yfirsýn yfir málefni barna og unglinga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- Fylgjast með framþróun í málaflokknum og innleiða hugmyndafræði, nálgun viðfangsefna og vinnuaðferðir sem við á hverju sinni.
- Sinnir fræðslu og ráðgjöf varðandi frítímastarf til þeirra sem málið varðar.
- Að veita faglegan ramma varðandi frítímastarf fatlaðra barna og unglinga.
- Meta þjónustubörf og úthluta stuðningi til barna á frístundaheimilum og sértækra félagsmiðstöðva.
- Tryggir að sambærilega þjónusta sé veitt börnum með úthlutaðan stuðning í rístarar heimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

Hlutverk barnastarfs.

- Að efla félagsþroska.
- Að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggjandi hátt.
- Að fagna fjölbreytileika.
- Að veita öruggt umhverfi.
- Að efla sjálfstæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu.
- Að efla náttúru- og umhverfislæsi.
- Að veita umhyggju.
- Að standa vörð um réttindi og velferð barna.
- Að efla lýðræðisvitund barna.



Gildin **fagmennska, fjölbreytileiki og gleði** voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

Fagmennska

- Félagsþroski barna og unglinga eflður með áherslu á félags- og samskiptafærni.
- Áhersla lögð á eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og raunverulega virkni og þátttöku.
- Starfsfólk kappkostar við að tileinka sér nýja þekkingu til uppbyggingar í starfi.
- Unnið eftir settum markmiðum og gildum.
- Störfum sinnt af virðingu með trúnað og tryggð að leiðarljósi.

Fjölbreytileiki

- Leiðandi afl í frítímastarfi með fötluðum börnum og unglingum.
- Áhersla á fjölbreyttan starfsmannahóp með ólíkan bakgrunn og færni.
- Viðfangsefni við hæfi hvers og eins.
- Barna- og unglíngalýðræði í hávegum haft með tilstuðlan jafnréttis.
- Tökum mið og tillit til ólíkra skoðana og fjölbreyttra samstarfsaðila.

Gleði

- Viðhorf er val. Veljum okkur gleði og jákvæðni í starfi með bros á vör.
- Sýnum umhyggju.
- Áhersla lögð á góð mannleg samskipti.
- Lærdómur og sköpun í gegnum leik.
- Ekkert er svo hátíðlegt að ekki megi hlæja saman.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta starfsári

Starfsemi Kringlumýrar og starfsstaða Kringlumýrar á síðasta starfsári byrjaði vel, betur gekk að ráða þegar á heildina er litið. Þó áttu tveir starfsstaðir í erfiðleikum með að klára ráðningar en það gekk að lokum. Þau verkefni sem áætlanir gerðu ráð fyrir fóru af stað, má þar nefna Betri Bústaðir samstarfsverkefni allra sem koma að starfi með börnum og unglingum í Bústaðahverfi ásamt foreldrafélögum skólanna. Markmið verkefnisins var að auka svefn barna og unglinga ásamt aukinni meðvitund um skaðsemi orkudrykkja og rafsígarettna. Frístundalæsi var innleitt í öll frístundaheimili Kringlumýrar. Einnig var farið af stað með sértækt hópastarf í 1. og 2. bekk Glaðheima þar sem farið var í samstarf við HÍ með að mæla niðurstöður. Svo skall á óveður og Covid 19. Það gerði það að verkum að öll okkar plön riðluðust og við tók mikil vinna við að breyta starfseminni til að hún uppfyllti þau skilyrði sem sóttvarnaryfirvöld og almannavarnir settu. Fumlaus, snör og fagleg viðbrögð starfsmanna Kringlumýrar voru mögnuð og get ég sagt að aldrei hef ég verið stoltari af starfsmönnum Kringlumýrar en þegar fyrsta bylgja Covid 19 skall á okkur. En nú reynir á úthald og þrautseigju þar sem faraldurinn er ekki yfirstaðinn og mun hann lita alla okkar starfsemi næstu misserin. En þó Covid 19 hafi reynst okkur erfitt verkefni þá fengum við tækifæri í sumar, vegna Covid, að fara af stað með skemmtilegt verkefni þar sem við réðum verkefnastjóra tímabundið sem unnu að félagsauðseflandi verkefnum fyrir hverfin. Verkefnastjórnirnar stóðu fyrir viðburðum sem höfðu það að markmiði að auka gleði og félagsauð hverfanna. Verkefnið gekk vonum framar og var mikil ánægja með alla þá viðburði sem fóru af stað.

Foreldrakönnun fyrir félagsmiðstöðvar sem gerð var á árinu kom vel út þar sem unglingastarfið var yfir meðaltali Reykjavíkur í heild. Þess ber þó að geta að Askja fékk framúrskarandi niðurstöður saman borðið við aðra félagsmiðstöðvar. Helstu áskoranir eru að auka ánægju foreldra í 10 – 12 ára starfi félagsmiðstöðva Kringlumýrar að Öskju undanskildri. Í starfsmannakönnuninni var Kringlumýri að hækka sig í öllum aðal þáttum nema stjórnun sem stóð í stað.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hæfi og áhugasamir starfsmenn	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum úr 4,24 í 4,33 frá síðustu könnun. Viljum ná enn lengra. Gerð var umbótaáætlun.
Árangursríkir stjórnunarhættir	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Lækkuðum úr 4,38 í 4,37 frá síðustu könnu. Hér viljum við hækka til muna og þá sérstaklega stjórnendateymi Kringlumýrar. Gerð var umbótaáætlun.



Starfsánægja	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum úr 4,55 í 4,64 frá síðustu könnu.
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Miðlæg starfsmannakönnun	Starfsmenn	Hækkuðum úr 4,37 í 4,43 frá síðustu könnun.
Andleg líðan unglunga	Ungt fólk 20189 og 2020	8. – 10. bekkur grunnskóla	Neikvæðar niðurstöður varðandi líðan, sjálfstraust, tilgang og viðhorf til framtíðarinnar og þá sérstaklega hjá stúlkum. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Áhættuhegðun unglunga	Ungt fólk 2019 og 2020	8. – 10. bekkur grunnskóla	Aukin vímuefnaneysla í einu hverfi. Í öðru hverfi er aukning á útiveru unglunga eftir miðnætti. Áhyggjur af auknu ofbeldi í vissum unglingahóp í hverfunum. Umbótaáætlun unnin af félagsmiðstöðvunum.
Foreldrakönnun	Miðlæg könnun unnin af SFS	Foreldrar barna og unglunga í félagsmiðstöðvum Laugardals og Háaleitis	Meirihluti félagsmiðstöðva skoruðu hærra en Reykjavík í heild í starfi fyrir 8.-10 bekk en skoruðu lægra en Reykjavík í heild í starfi fyrir 5.-7. bekk. Í öllum félagsmiðstöðvunum kom spurningin um húsnæði og aðstöðu illa út. Félagsmiðstöðin Askja (sértækt starf fyrir börn og unglunga í Klettaskóla) fékk mjög góðar niðurstöður.



1. Frístundastarfið

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Sjálfsefning Félagsfærni	Rafræn félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga í Öskju Auka félagsleg tengsl og virkni fatlaðra barna og unglinga sem sækja félagsmiðstöðina.	Halda úti rafrænni félagsmiðstöð fyrir utan dagopnun félagsmiðstöð varinnar nokkur skipti í viku	Deildars tjórar, forstöðu menn	Haut 2020	Haut 2021	Fjöldi þátttakend a og niðurstöðu r foreldrakön nunar	Að meira en helmingur barna og unglinga taki þátt í rafrænni félagsmiðstöð Öskju
Sjálfsefning Félagsfærni	Funfy Kenna starfsfólki með einföldum hætti að nota leiki sem verkfæri í að efla meðal annars félagsfærni og sterka sjálfsmynd.	Heimasíða þar sem kennt er í gegnum myndbönd að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglinga	Forstöð umaður Vogasel s og deildars tjóri barnast arfs	Haut 2020	Haut 2021	Taka saman hversu margir nýta þetta verkfæri og hvernig það nýtist	Að allir starfsstaðir Kringlumýrar sáu búin að gera tilraunir með þennan vef
Sjálfsefning Félagsfærni	Vináttufærni Þróa enn frekar Vináttufærni sem verkfæri til að efla félagsfærni hjá börnum í frístundaheimilu m	Frístundafræði ngar og aðrir munu halda áfram með þróun á þessu verkefni og þá sérstaklega í Háaleitishverfi	Forstöð umenn frístund aheimila í ásamt deildars tjóra barnast arfs	Haut 2020	Haut 2021	Taka saman hversu margir nýta þetta verkfæri og hvernig það nýtist	Að öll frístundaheimi li Kringlumýrar sáu búin að innleiða Vináttufærni í sitt starf

Sjálfsefning Félagsfærni	Sértækt hópastarf Félagsmiðstöðvar Kringlumýri keyra sértækt hópastarf til að vinna með þætti sem komu ekki vel út úr könnun RogG	Unnið með mismunandi þætti m.a. jákvæð samskipti í strákahópum, styrkja drengi félagslega, samskipti kynjanna, bæta líðan og sjálfstraust stúlkna	Forstöð umenn félagsmi ðstöðva ásamt deildars tjóra unglinga starfs	Haust 2020	Haust 2021	Könnun sett fyrir þátttakend ur fyrir og eftir	Að þeir sem tóku þátt í þessu hópastarfi hafi komi betur út í könnuninni sem sett er fyrir þau eftir hópastarfið
Jöfnuður	Réttindafrístunda starf Auka réttindi og jöfnuð meðal barna í Krakkakoti	Innleiða Réttindafrístu ndastarfi í Krakkakoti	Forstöð umaður Krakkak ots og deildars tjóri barnast arfs	Haust 2020	Haust 2021	Úttekt UNICEF á Réttindarfrí stundastarf	Að Krakkakot sé Réttindafrístu ndastarf
Jöfnuður	Velkomin verkefnið Með verkefninu er lögð áhersla á heildræna nálgun við móttöku nýrra fjölskyldna með börn á grunnskólaaldri	Innleiða Velkomin verkefnið á alla starfsstaði Kringlumýrar	Deildars tjórar og forstöðu menn	Haust 2020	Haust 2021	Fjöldi móttöku nýrra fjölskyldna í hverfið í gegnum Velkomin verkafnið	Að allar nýjar fjölskyldur sem flytja í hverfið fari í gegnum Velkomin verkefnið
Sköpun	Matthíasarborg (Mattó) Verkefnið gengur út á að skapa vettvang þar sem börn hafa möguleika á að skapa leiksvæði	Þróa enn frekar Mattó sem gengur út á færanlegt leiksvæði þar sem börn fá möguleika á að skapa leiksvæði úr endurnýtanleg um efnivið	Samuel og deildars tjóri barnast arfs	Haust 2020	Haust 2021	Skýrsla um framþróun verkefnis n	Að börn fái möguleika á að skapa leiksvæði úr endurnýtanleg um efnivið

Heilsuefling	Kynfræðsla Kynfræðsluverkefnið gengur út á markvissa og vandaða kynfræðslu í Réttarholtskóla/Bústöðum	Kynfræðsluverkefnið er unnin í samvinnu skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa	Forstöðumaður Bústaða og deildarsjóri unglunga starfs	Haust 2020	Haust 2021	Mat á verkefninu í lok maí	Að um 80% unglinga í Réttarholtskóla/Bústöðum telji að þau hafi fengið góða og markvissa kynfræðslu
Fjölbreytt og skemmtilegt	Könnun Fá betri upplýsingar um viðhorf barna og unglunga um innihald félagsmiðstöðvastarfs á vegum Kringlumýrar	Gera könnun meðal barna og unglunga um sýn þeirra á innihaldi félagsmiðstöðvastarfs á vegum Kringlumýrar	Deildarsjóri unglunga starfs og forstöðu menn félagsmiðstöðva	Haust 2020	Haust 2021	Greina niðurstöður í samvinnu við unglinga/nemendaráð hverjar félagsmiðstöðvar	Allt að 70% barna og unglunga í 5.-10 bekk í borgarhlutanum svari þessari könnun
Virk þátttaka	Ungmennaping Hlusta eftir röddum unglunga í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum	Halda ungmennaping þar sem raddir unglunga koma fram	Deildarsjóri unglunga starfs og forstöðu menn félagsmiðstöðva	Haust 2020	Haust 2021	Hvort Ungmennaping hafi verið haldið	Ungmennaping haldið

2. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/m arkmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Staðar- bragur	Samskipta- sáttmáli Kringlumýrar Auka vellíðan, jákvæð samskipti og traust á starfsstöðum Kringlumýrar	Viðhalda samskiptasátt mála Kringlumýrar á alla starfsstaði Kringlumýrar	Framkvæ mdastjóri ásamt öllum stjórnend ur Kringlumý rar	Janúar 2021	Júní 2021	Forstöðumenn kynna niðurstöður innleiðingarinn ar	Að allir starfsstaðir Kringlumýr ar séu búnir að innleiða samskiptas áttmálann
Fagmenn ska	Menntastefn a Auka gæði frístundastar fs í Kringlumýri	Meta alla þætti úr gátlista Menntastefnu nar fyrir frístundaheimi li og félagsmið stöðvar	Framkvæ mdastjóri og deildarstj órar	Janúar 2021	Júní 2021	Deildarstjórar meta starfið út frá gátlista Menntastefnu nar fyrir frístundaheimi li og félagsmið stöðvar	Að allir starfsstaðir vinni eftir umbótaáæt lun út frá gátlistum haustið 2021
Stjórnun	Að hækka niðurstöður í starfsmanna könnun í þættinum Stjórnun	Gerð var umbótaáætlun varðandi bæta á samskipti, hvatningu og traust milli stjórnendatey mis og forstöðumann a. Innleiða á Snerpusamtöl í stað starfspróunar amtöl	Framkvæ mdastjóri ásamt stjórnend ateymi Kringlumý rar	Haut 2020	Vor 2021	Skoða niðurstöður úr næstu miðlægu starfsmannakö nnun	Að þessi þáttur hækki um allavega um 0,5%

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Fyrir starfsárið 2020-2021 er menntastefna Reykjavíkurborgar rauður þráður í öllum áherslum Kringlumýrar og starfsstöðvum hennar. Þættir menntastefnunnar félagsfærni, sjálfsefning, heilsuefning, læsi og sköpun eru undir með mismunandi útfærslum og verða hér á eftir talin upp helstu áherslur og verkefni.

Rafræn félagsmiðstöð í Öskju hefur það að markmiði að auka félagsfærni og tengsl milli barna og unglunga sem sækja starf Öskju. Rannsóknir sýna að þessi viðkvæmi hópur er í minni félagslegum tengslum við sýna jafnaldra en ófötluð börn og unglingar. Ætlunin er að halda úti félagsmiðstöð eftir dagopnun Öskju nokkur skipti í viku þar sem þau taka þátt í rafrænni félagsmiðstöð. Þetta verkefni er styrkt af SFS.

Áframhaldandi þróun mun eiga sér stað á verkefninu Funfy þar sem hægt er að nálgast myndbönd sem kenna starfsfólki að nýta leiki sem verkfæri til að efla meðal annars félagsfærni og sjálfsmynd barna og unglunga. Þetta verkefni er styrkt af SFS.

Kynfræðsla í Réttarholtskóla og Bústöðum fer af stað í haust. Þetta verkefni var sett af stað í kjölfar ítrekaðra óska Reykjavíkurráðs ungmenna um betri og markvissari kynfræðslu. Kynfræðsluverkefnið gengur út á markvissa og vandaða kynfræðslu sem unnin verður í samvinnu skólahjúkrunarfræðings, kennara og frístundaráðgjafa sem kemur inn í skólann með fræðslu. Hver fagstétt ber ábyrgð á ákveðnum þáttum fræðslunnar og fagaðilar frá skóla- og frístundasviði veita starfsfólki stuðning og ráðgjöf eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á samskipti, virðingu, traust og góða sjálfsmynd. Gott samstarf og samtal milli fræðsluaðila er grundvallarþáttur í verkefninu. Krakkakot mun hefja innleiðingu á Réttindafrístundastarfi sem er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Skólar og frístundamiðstöðvar sem vinna eftir líkaninu leggja sáttmálann til grundvallar í starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Haldið verður áfram með að þróa Matthíasarborg (Mattó) verkefni sem gengur út á færanlegt leiksvæði þar sem börn frá möguleika á að skapa leiksvæði gert úr endurnýtanlegum efnivið. Einnig verður lögð áhersla á aukna sköpun í frístundaheimilum og þá sérstaklega í Laugarseli. Nokkur verkefni fara af stað í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar sem taka á mismunandi þáttum s.s. jákvæð samskipti í strákahópum, samskipti kynjanna, jákvæðar fyrirmyndir starfsmanna og reynslunám.

Haldið verður áfram með þróun á samskiptasáttmála Kringlumýrar, sáttmála sem allri stjórnendur Kringlumýrar tóku þátt í að búa til á síðasta ári. Markmið þessa sáttmála er að bæta starfsumhverfi allra starfsstaða Kringlumýrar og búa til öruggt og jákvætt starfsumhverfi fyrir alla starfsmenn. Farið verður í mælingar á hverju þessi sáttmáli er að skila í starfsánægju starfsstaða Kringlumýrar.



Kringlumýri tekur einnig þátt í miðlægu verkefni Flotanu sem stýrt er af Tjörninni þar sem fram fer vettvangsvinna og tenging við unglunga í hverfum borgarinnar. Flotinn er viðbót við almennar félagsmiðstöðvar sem starfa í hverfum borgarinnar á vegum frístundamiðstöðva.

Samstarf

Samstarf frístundastarfs og grunnskóla eykst með hverju ári. Í ár verður áfram lögð áhersla á að móta, í samstarfi við grunnskólastjórnendur, starf frístundafræðinga. Áhersla verður lögð á félagsfærni og sjálfsefningu í starfi frístundafræðingana en útfærslurnar munu verða unnar nánar í samstarfi við skólastjórnendur. Góð reynsla er komin af stafi frístundafræðinganna og teljum við þetta eitt mikilvægasta framfara skref sem stígið hefur verið á síðustu árum. Farið verður í kynfræðsluverkefni fyrir unglunga í Réttarholtsskóla þar sem félagsmiðstöðin Bústaðir, Réttarholtskóli og heilsugæslan með handleiðslu Kolbrúnar á skrifstofu SFS hafa hvert sitt hlutverk í fræðslu og umræðu um málefnið. Aukning er í samstarfi frístundastarfs og grunnskólana varðandi börn og unglunga sem þurfa á stuðningi að halda. Sérstækt hópastarf er að aukast og er það unnið í nánu samstarfi við stjórnendur skólana og námsráðgjafa. Gott samstarf er við unglingaráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar þar sem haldnir eru fastir fundir um þau mál sem upp koma í unglingahópum í hverfinu. Einnig er gott samstarf við frístundaráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar varðandi samstarf um lýðheilsu og félagsauð í hverfinu.



Jafnréttisáætlun

Um Jafnréttisáætlun Kringlumýrar

Frístundamiðstöðin Kringlumýri miðar við að allt starf lúti bæði [jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar](#) og [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er ætluð sem hnitmiðað rit sem snýr sérstaklega að starfi Kringlumýrar. Þar sem starf Kringlumýrar er fjölþætt, þ.e. Kringlumýri er bæði atvinnuveitandi margra auk þess að þjónusta börn og ungmenni, þá er jafnréttisáætlunin víðfeng og eiga atriði þ.a.l. misvel við á hverjum stað. Stjórnendur eru hvattir til þess að lesa vel yfir hvert markmið og aðlaga að eigin vinnustað ef þörf er á. Taflan er hins vegar mjög skýr; henni er skipt niður í 7 markmið sem hvert hefur eigið undirmarkmið. Markmiðunum fylgja aðgerðir sem þarf að fylgja eftir, en ábyrgð á aðgerðum og tímarammi fyrir þær má einnig finna í töflunni.

Lykilatriði í frístundastarfi á jafnréttisgrundvelli er að starfsmenn geri ráð fyrir fjölbreytileika barna. Í því felst að bera virðingu fyrir og mismuna ekki börnum á grundvelli kyns, húðlitar, trúar, fötlunar, heilsufari, kynhneigð, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, uppruna og þjóðerni.

Markmið	Undirmarkmið	Aðgerð	Ábyrgð og Tímarammi
Hvetja til fjölbreytileika í starfi og berjast gegn staðalímyndum.	Starfsfólk sé meðvitað um mögulega birtingu staðalmynda í frístundastarfi og stendur ekki fyrir starfi sem ýtir undir þær. Hvetja til fjölbreytileika og sporna gegn staðalmyndum í starfi s.s. á grundvelli staðalmyndum á grundvelli kyns, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, þjóðernis, húðlitar, trúarbragða og félagslegrar stöðu í frístundastarfi	Fræða starfsfólk um birtingarmyndir staðalmynda og áhrif þeirra.	Forstöðumenn og deildarstjórar. Haust önn.
		Kyngera ekki ákveðin tilboð. Brjóta niður kynbundna afþreyingu. Meta þarf hvern hóp hverju sinni.	Forstöðumenn. Metið í lok annar
		Ræða birtingu staðalmynda í starfinu, samfélaginu og umhverfi barna og unglinga..	Starfsfólk , Forstöðumenn Metið í lok annar
		Vanda val á fræðsluefni og afþreyingu. Bera virðingu fyrir fjölbreytileikanum, s.s. uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar,	Forstöðumenn Metið í lok annar



		kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Berjast gegn fordómum með fræðslu og umræðum.	
Forvarnir gegn kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni meðal starfsfólks og barna og ungmenna.		Fræðsla fyrir börn og starfsfólk. Ath td. Verndum þau, Blátt áfram, Barnahús ofl. Reynt eftir fremsta megni að forðast óöruggar aðstæður fyrir börn og starfsfólk	Deildarstjórar, Forstöðumenn
Viðbrögð við kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni barna og ungmenna.	Tekið faglega á málum sem gætu komið upp	Að allir þekki verkferla um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti.	Framkvæmdastjóri, deildarstjórar, Forstöðumenn
Jafnréttisáætlun Kringlumýrar sé virk.	Jafnréttisnefnd sé virk, fái fræðslu, safni upplýsingum og geti miðlað upplýsingum eða veitt ráðgjöf.	Jafnréttisáætlun sé ávalt aðgengileg á heimasíðu og einnig á veggspjaldi eða prentvænni útgáfu	Stjórnendateymi Kringlumýrar.
Þjóða upp á kynlaus salerni.		Óska eftir kynlausum salernum í gegnum nýframkvæmdir starfsstaða.	Framkvæmdarstjóri, fjármálastjóri og deildarstjórar. Áætlun til þriggja ára
Jafnræði í úthlutun verkefna	Gæta jafnræðis í úthlutun á auknum verkefnum, yfirvinna o.s.frv.	Kerfisbundið eftirlit gagnvart t.d. yfirvinna. Útfært á hverri starfseiningu.	
Allt starf lúti að jafnréttisáætlun Kringlumýrar sem og mannréttindastefnu Rvk.	Allir starfsmenn þekki jafnréttisáætlun og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.	Gátlisti (aðlagður á hverri starfseiningu) Jafnréttisáætlun endurskoðuð á hverju ári og ritað um í ársskýrslu Kringlumýrar. Kynning á bæði jafnréttisáætlun og mannréttindaáætlun.	



Passa upp á orðræðu í samskiptum við börn og heimili.		Tala um foreldra í stað mömmu og pabba Nota börn og unglingar í orðræðu í stað stelpur og strákar/kynbundinnar flokkunar.	
---	--	--	--